



– fyrir íslenska verslun

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1493  
komudagur 22.4.2005

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.04.2005  
EÖD

Vísað er til erindis hæstvirktrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar FÍStöðin um frumvarp til laga um Ríkisendurskoðun 242. mál, útboð endurskoðunar

Félagið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu. Sér í lagi að sumum verkefnum sem Ríkisendurskoðun sinnir sé betur komið hjá sjálfstætt starfandi endurskoðendum.

FÍStöðin mælir því eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Einar Örn Davíðsson, hdl.



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi  
Erindi nr. **P** 131/1494  
komudagur 22.4.2005

Reykjavík 20. apríl 2005  
Tilv. FLE 18-2005

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


**Málefni: Frumvarp til laga um Ríkisendurskoðun, 242. mál, útboð endurskoðunar.**

Með bréfi dags. 6. apríl sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til starfshóps sem aðalfundur félagsins skipaði til að skila álitum um fyrirkomulag fjárhagsendurskoðunar hjá ríkisaðilum. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,  
Félag löggiltra endurskoðenda

  
Sigurður B. Arnþórsson  
formaður

**Umsögn starfshóps Félags Löggiltra Endurskoðenda (FLE) um málefni Ríkisendurskoðunar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.**

Málefni Ríkisendurskoðunar hafa verið til umræðu innan FLE að undanfögnu og aðalfundur í félaginu fól stjórn þess að skipa starfshóp til að skila álitum um fyrirkomulag fjárhagsendurskoðunar hjá ríkisaðilum. Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum. Starfshópurinn fagnar framkomnu frumvarpi og vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn:

- Starfshópurinn telur að löggiltir endurskoðendur séu best til þess fallnir að sinna fjárhagsendurskoðun hvort sem um er að ræða endurskoðun hjá hinu opinbera eða í einkageiranum og bendir á að sjálfstætt starfandi endurskoðendur sinna endurskoðun hjá fjölmörgum sveitarfélögum hér á landi. Því telur starfshópurinn að ganga eigi lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir og fela sjálfstætt starfandi endurskoðendum fjárhagsendurskoðun hjá stofnunum sem falla undir núverandi 1. mgr. 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun og 2. mgr. 6. gr. í frumvarpinu. Slík endurskoðun yrði þó unnin undir umsjón og eftirliti Ríkisendurskoðunar.
- Starfshópurinn telur ekki nauðsynlegt að í öllum þeim tilvikum þar sem sjálfstætt starfandi endurskoðendum yrðu falin verkefni af Ríkisendurskoðun, yrði um útboð að ræða, heldur gæti slíkt einnig gerst með samningum við endurskoðendur án formlegra útboða, þegar ekki væri um útboðsskyld verkefni ræða. Starfshópurinn leggur þó áherslu á að við val á endurskoðendum yrði beitt faglegum sjónarmiðum, skýrum reglum og gegnsæi.
- Miklar kröfur eru gerðar til þeirra sem vilja hljóta löggildingu til endurskoðunarstarfa, en þær felast m.a. í fjögurra ára háskólanámi, þriggja ára starfsnámi, auk þess sem nemandi í endurskoðun þurfa að ljúka fjórum löggildingarprófum í jafnmörgum greinum. Fyrirsjáanlegar eru auknar menntunarkröfur til undirbúnings löggildingar til endurskoðunarstarfa og munu bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða upp á mastersnám, sem verður 4½ og 5 ára nám, á komandi haustmánuðum. Endurskoðendur eru ein af fáum sérfræðistéttum hérlendis, sem gera það skylt að uppfylla árlega lágmarksendurmenntun og hefur það í för með sér missi réttinda, ef lágmarkskröfum um endurmenntun er ekki sinnt.
- Af þessu má ljóst vera að löggiltir endurskoðendur hafa lagt á sig umtalsvert erfiði við að afla sér réttinda sinna og viðhalda þeim. Þjónusta endurskoðenda við umbjóðendur sína, á sviði endurskoðunar, hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða aðila í einkageiranum er því að mati starfshópsins verðmætari og betri en annarra sérfræðinga sem ekki hafa hlotið þessi réttindi.
- Starfshópurinn telur ástæðu til að vekja athygli á því að í upphafi þessa árs störfuðu fjórir löggiltir endurskoðendur hjá Ríkisendurskoðun, auk ríkisendurskoðanda. Í ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2004, sem gefin var út í mars s.l. kemur fram að starfsfólk Ríkisendurskoðunar hafi skilað 71.856 virkum vinnustundum sem tengjast endurskoðun og að stofnunin hafi áritað 357 ársreikninga og samið 259 endurskoðunarskýrslur. Af framangreindu má ljóst vera að löggiltir endurskoðendur hafa aðeins að litlu leyti komið að þeim verkefnum.

Reykjavík, 19. apríl 2005.

Starfshópur FLE um málefni Ríkisendurskoðunar.



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1495*  
*komudagur 22. 4. 2005*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík.

Dagsetning  
20. apríl 2005

Tilvísun  
A-8  
LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Ríkisendurskoðun, 242. mál, útboð endurskoðunar.

6. gr. gildandi laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum.

Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skal gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Jafnframt skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga vegna samninga um rekstrarverkefni sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir.

Ríkisendurskoðun er heimilt að taka gjald fyrir fjárhagsendurskoðun á ársreikningum ríkisaðila sem um ræðir í 2. mgr. er nemi þeim kostnaði sem af endurskoðuninni hlýst.

Í framangreindu frumvarpi er lagt til að lögboðið endurskoðunarhlutverk Ríkisendurskoðunar verði takmarkað við stofnanir í A-hluta ríkisreiknings, þ.e. þær stofnanir, sem um getur í ofangreindri 1. mgr. 6. gr. laganna um stofnunina, og hin svokölluðu rekstrarverkefni. Verkefni þau, sem umræðir í 2. mgr. 6. gr. þ.e. endurskoðun ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í B-hluta, ásamt lánastofnunum í eigu ríkisins í C-hluta, fjármálastofnana ríkisins í D-hluta og félaga, sem ríkið á að hálfu eða meira, sbr. E-hluti ríkisreiknings, skuli á hinn bóginn boðin út á almennum markaði. Frumvarpið felur með öðrum orðum í sér að ábyrgð á endurskoðun B – E hluta ríkisreiknings, flyst frá Ríkisendurskoðun til sjálfstætt starfandi endurskoðenda. Mál þetta snertir samkvæmt framansögðu grundvallarhlutverk og stöðu Ríkisendurskoðunar. Í því ljósi telur stofnunin óeðlilegt að hún sem slík taki beina afstöðu til frumvarpsins að þessu leyti. Með hliðsjón af hinni stjórnskipulegri stöðu stofnunarinnar, sbr. 1. og 2. gr. tilvitnaðra laga, er vísað á forsætisnefnd Alþingis að því er þennan þátt varðar.

Að því er efni frumvarpsins að öðru leyti þykir rétt að vekja athygli á að skv. 4. gr. gildandi laga um Ríkisendurskoðun er stofnuninni heimilt að fela löggiltum

endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum á viðkomandi sviði að vinna að einstökum verkefnum, sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum. Þessari heimild hefur margoft verið beitt og voru t.d. samningar við 14 sjálfstæðar endurskoðunarskrifstofur í gildi á síðasta ári um endurskoðun 69 ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Kostnaður stofnunarinnar vegna aðkeyptrar endurskoðunarþjónustu vegna svokallaðra A-hlutastofnana nam um 30 m.kr. á árinu 2004. Ekki liggja að svo stöddu fyrir upplýsingar um hve endurgjald fyrir aðkeypta endurskoðunarþjónusta vegna stofnana og fyrirtækja í B – E hluta ríkisreiknings. Þennan kostnað bera umræddar stofnanir og fyrirtæki sjálf og nemur hann tugum milljónum króna á ári. Rétt er að geta þess að Ríkisendurskoðun hefur ekki hikað við að fela sjálfstæðum endurskoðunarskrifstofum að sinna endurskoðunarverkefnum, þegar slíkt þykir bæði hagkvæmt og líklegt til að þjóna viðkomandi stofnun eða fyrirtæki. Má í þessu sambandi t.d. nefna stofnanir og fyrirtæki með heimili úti á landi. Með þessu fyrirkomulagi telur stofnunin sig hafa nýtt þekkingu og reynslu sjálfstætt starfandi endurskoðunarskrifstofa þegar við á og hagkvæmt þykir.


Þær endurskoðunarskrifstofur, sem hér um ræðir, starfa í umboði Ríkisendurskoðunar sem undirverktakar. Með hliðsjón af því er litið svo á að hún beri ábyrgð á vinnu þeirra gagnvart þeim ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum, sem endurskoðunarþjónustunnar hafa notið. Af frumvarpinu verður ekki annað ráðið en að Ríkisendurskoðun muni ekki á neinn hátt koma að né bera ábyrgð á endurskoðun ársreikninga stofnana og fyrirtækja í B – E-hluta ríkisreiknings, heldur verði sú vinna í einu og öllu á ábyrgð þeirrar endurskoðunarstofu, sem viðkomandi verkefni fær á grundvelli útboðs. Þetta hlýtur að vekja upp spurningar um stöðu ríkisendurskoðanda og gildi áritunar hans á ríkisreikning í heild sinni, sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Fyrirliggjandi frumvarp sýnist ekki á neinn hátt gera ráð fyrir því að huga þurfi að ákvæðum fjárreiðulaga í þessu samhengi.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir því að umrædd endurskoðunarverkefni skuli undantekningarlaust boðin út eftir ákvæðum laga um opinber innkaup en að Ríkisendurskoðun skuli hafa umsjón og annast útboðin. Af þessu tilefni er rétt að benda á að verkefni þau, sem hér um ræðir, eru að jafnaði ekki svo umfangsmikil að skylt sé að bjóða þau út, sbr. 12. gr. gildandi laga um opinber innkaup nr. 94/2001. Samkvæmt nefndu lagaákvæði skal ríkið bjóða út kaup á þjónustu og verkum yfir 10 m. kr. Miðað við umfang og eðli verkefnanna hvers um sig telur Ríkisendurskoðun óskynsamlegt að aðrar reglur gildi um útboð þeirra en almennt gilda kaup á þjónustu skv. lögum um opinber innkaup. Rétt er að vekja athygli á fyrirmælum 13. gr. laganna um opinber innkaup en þar er mælt svo fyrir að ávallt skuli gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal seljanda. Sýnist þetta ákvæði eiga langtum betur við um þjónustukaup skv. frumvarpinu en útboðsferlið þegar litið er til þess að hvert einstakt verkefni eru tiltölulega lítið að umfangi. Með hliðsjón af þessu sýnist því eðlilegra að láta nægja að mæla svo fyrir í frumvarpinu að lög um opinber innkaup skuli gilda eftir því sem við á um kaup ríkisins á endurskoðunarþjónustu.

Á sama hátt væri að mati Ríkisendurskoðunar eðlilegt að mæla svo fyrir að Ríkiskaup fremur en Ríkisendurskoðun annist og hafi umsjón með útboðum á endurskoðunarþjónustu ef áhugi er á slíku, enda býr sú stofnun yfir nauðsynlegri sérþekkingu og almennri reynslu á sviði útboðsmála. Til fróðleiks í þessu sambandi skal þess getið að í kjölfar þess að ríkisviðskiptabankarnir voru gerðir að hlutafélögum ásamt Fjárfestingarbanka atvinnulífsins á sínum tíma ákvað Ríkisendurskoðun að bjóða út

endurskoðun þeirra á almennum markaði. Í því skyni leitaði stofnunin eftir aðstoð Ríkiskaupa við útboðið, sem tók að sér að sjá um það að öllu leyti fyrir hönd Ríkisendurskoðunar.

Að lokum þykir rétt að benda á að samkvæmt 1. gr. ofangreindra laga um Ríkisendurskoðun ber stofnuninni að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila, sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins, sbr. 43. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33/1993. Nái ofangreint frumvarp fram að ganga sýnist nauðsynlegt að laga ákvæði 1. gr. laganna um Ríkisendurskoðun að áformuðum breytingum skv. frumvarpinu auk þess sem huga þarf, samhengisins vegna, að ákvæðum I kafla laga um fjárreiður ríkisins.



Alþingi  
Erindi nr. P 131/1279  
komudagur 13.4.2005

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd  
Stefán Árni Auðólfsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. apríl 2005 2005040103

Með bréfi dags. 6. apríl sl. sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisendurskoðun, 242. mál, útboð endurskoðunar.

Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athugasemd við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt



Indriði H. Þorláksson  
ríkisskattstjóri



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja  
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1756  
komudagur 29.4.2005

29. apríl 2005

Alþingi,  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um Ríkisendurskoðun (242. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 6. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV styðja lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. þ 131/1578  
komudagur 25.4.2005



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

20. apríl 2005

Efni: Frumvarp um Ríkisendurskoðun, 242.mál, útböð endurskoðunar og um aukatekjur ríkissjóðs, 243.mál

SVP- Samtök verslunar og þjónustu fagna framkomu frumvarpsins um Ríkisendurskoðun og taka undir orð flutningsmanna um að heppilegt kunni að vera að bjóða út mörg þeirra verkefna sem Ríkisendurskoðun hefur nú á sinni könnu. Með því er á engan hátt slakað á kröfum, en hagræðing er líkleg og eðlileg atvinnusköpun fylgir þessu. SVP hvetja Alþingi til að samþykkja frumvarpið.

SVP telja frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 243.mál um lækkun gjalda vegna skráningar félaga stutt sterkum rökum sem styðja samþykkt þess. Samtökin taka undir þessi rök, m.a. varðandi það að há gjöld komi niður á nýsköpun, og styðja samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1579  
komudagur 25.4.2005



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Stofnað 1917

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2005.

**Efni: Frv. til I. um br. á I. nr. 86/1997 um Ríkisendursk. (242. mál).**

Verzlunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verzlunarráð hefur lengi bent á óeðlilega samkeppni stofnana ríkis og sveitarfélaga við einkaaðila. Gætir samkeppni á ólíklegustu sviðum og má telja þann málaflokk sem Ríkisendurskoðun heyrir undir dæmi um slíkt. Bæði getur verið um að ræða samkeppni í málaflokknum sem slíkum en einnig er algengt núorðið að opinberar stofnanir teygi starfsemi sína út fyrir lögbundin hlutverk sín. Ofangreint frumvarp miðar að því að takmarka hið fyrrnefnda og færa þann hluta starfsemi Ríkisendurskoðunar sem einkaaðilar eru í stakk búnir til að sinna, út á markaðinn. Þessu fagnar Verzlunarráð.

Verzlunarráð hvetur til þess að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

  
Sigríður A. Andersen.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS  
HÚSI VERSLUNARINNNA  
KRINGLAN 7  
100 REYKJAVÍK

SÍMI/TEL. (354) 510 7100  
FAX (354) 568 6564

info@chamber.is  
www.chamber.is